

Afgreiðslufundur

Ár 2024 fimmtudaginn 28. nóvember, kl. 09:00 var haldinn 1807. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Jón Ragnar Gunnarsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Óskar Ísfeld Sigurðsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Lögð fram umsókn Innness ehf., kt. 650387-1399, dags. 11. nóvember 2024, um starfsleyfi fyrir vörugeymslu til þroskunar á ávöxtum og geymslu á forpökkuðum matvælum (Innnes) að Korngörðum 13, F2327734, rými 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Brixton ehf., kt. 500624-2480, dags. 7. október 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; skyndibitastað/veitingastofu (Brixton) að Tryggvagötu 20, F2002578, rými 02 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*.
- Lögð fram umsókn Ristorante Piccolo ehf., kt. 500323-1750, dags. 5. ágúst 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Ristorante Piccolo) að Laugavegi 11, F2004396, rými 0001, 0002, 0101, 0201. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn Bauna & Berja ehf., kt. 460422-2130, dags. 1. maí 2024, um starfsleyfi fyrir innflutningi og flutningi á forpökkuðum matvælum (Baunir & Ber). Lager er hjá vöruhúsi með starfsleyfi samkvæmt samningi þar um. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 23. október 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 8. október 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Brixton ehf., kt. 500624-2480, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús (Brixton) að Tryggvagötu 20, F2002578, rými 02 0101.
Samþykkt að veita jákvæða umsögn fyrir veitingastofu sbr. starfsleyfi. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 2. september 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 2. september 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn

Ristorante Piccolo ehf., kt. 500323-1750, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús (Ristorante Piccolo) að Laugavegi 11, F2004396, rými 0101.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*.

7. Lögð fram umsókn Tesla Motors Iceland ehf., kt. 620219-1260, dags. 14. nóvember 2024, um skráningu á bón- og bílaþvottastöð að Vatnagörðum 18, F2015942, rými 01 0101.

Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir bón- og bílaþvottastöðvar*.

8. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, dags. 28. nóvember 2024, um tímabundið starfsleyfi fyrir grunnskóla, 4-5 bekkjar (Laugarnesskóli) að Reykjavegi 15, F2311562. Endurnýjun.

Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi frá 28. nóvember 2024 til 31. desember 2024 með starfsleyfisskilyrðum fyrir grunnskóla.

9. Lögð fram umsókn Háteigssóknar, kt. 600169-3439, dags. 21. nóvember 2024, um starfsleyfi fyrir samkomusal með eldhúsi, safnaðarheimili og kirkju (Safnaðarheimili Háteigskirkju) að Háteigsvegi 27-29, F2012483, rými 01 0101, F2012484 02 0101, F2225350 02 0203, F2298145 02 0102, F2298150 02 0103, F2298151 02 0201, og F2298152 02 0202. Eigendaskipti.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.

10. Lögð fram umsókn Orkuveitu Reykjavíkur, kt. 551298-3029, dags. 24. ágúst 2024, um tímabundið starfsleyfi frá 1. desember 2024 til 1. september 2025 fyrir niðurrifi á sumarhúsum að Elliðavatnsblettum nr. 6 (F2057666), 10 (F2057662), 18 (F2057648) og 35 (F2057618) í Heiðmörk.

Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi með *Starfsleyfisskilyrðum fyrir Orkuveitu Reykjavíkur vegna niðurrifs á húsum að Elliðavatnsblettum nr. 6, 10, 18 og 35, Almennum starfsskilyrðum fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrðum fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við ákvæði *Samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 555/2015*.

11. Lögð fram umsókn Blás ehf., kt. 690109-0770, dags. 18. nóvember 2024, um leyfi til tóbakssölu (Bláhornið) að Grundarstíg 12. Endurnýjun.
Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. *Laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum.*
12. Lögð fram umsókn Corner Shop ehf., kt. 430620-1340, dags. 19. nóvember 2024, um leyfi til tóbakssölu (Corner Market) að Laugavegi 20b. Endurnýjun.
Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. *Laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum.*

Fundi slitið kl. 09:50

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Jón Ragnar Gunnarsson

Guðjón Ingi Eggertsson